



**Framhaldsprófstakar vorið 2021 ásamt kennurum og meðleikurum.**

Efri röð f.v.: Einar Bjartur Egilsson, Guðmundur Kristmundsson, Ester Ólafsdóttir, Uelle Halndorf  
Neðri röð f.v.: Ingibjörg Ólafsdóttir, Arndís Hildur Tyrfingsdóttir, Iris Beata Dudziak, Katrín Sigurðardóttir, Elísabet Anna Dudziak.

• *Gerum góðan skóla betri* •

*Október 2021*

## Efnisyfirlit

|                                                            |    |
|------------------------------------------------------------|----|
| Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnésinga október 2021.....      | 4  |
| Inngangur .....                                            | 4  |
| Veturinn 2020 – 2021.....                                  | 5  |
| Forskólinn 2020 - 2021 .....                               | 5  |
| Próf veturinn 2020 – 2021.....                             | 5  |
| Tónleikahald 2020 – 2021.....                              | 5  |
| Sigur í fiðlukeppni á vegum pólska sendiráðsins .....      | 5  |
| Nótan 2021 .....                                           | 5  |
| Framhaldsprófstónleikar vorið 2021 .....                   | 6  |
| Áhrif Covid-19 á vetrarstarfið 2020 - 2021.....            | 6  |
| Veturinn 2021 – 2022.....                                  | 7  |
| Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld.....             | 7  |
| Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnésinga 2021 – 2022.....   | 7  |
| Fjöldi nemenda 2021 – 2022 / biðlistinn.....               | 8  |
| Kennarar 2021 – 2022 .....                                 | 8  |
| Endur- og símenntun kennara.....                           | 8  |
| Kennslustaðir 2021 – 2022.....                             | 9  |
| Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2021 – 2022 ..... | 9  |
| Tónlistarflutningur á hjúkrunarheimilum .....              | 9  |
| Forskóla-hljóðfærakynningar .....                          | 10 |
| Nýr ritari.....                                            | 10 |
| Áætlun 2022 .....                                          | 10 |
| Skýrslur deildastjóra maí 2021.....                        | 11 |
| Blásaradeild.....                                          | 11 |
| Blokklautudeild.....                                       | 12 |
| Forskóladeild.....                                         | 13 |
| Gítardeild.....                                            | 14 |
| Píanódeild.....                                            | 15 |
| Rytmísk deild .....                                        | 16 |
| Strengjadeild.....                                         | 17 |
| Suzukideild.....                                           | 18 |
| Söngdeild .....                                            | 20 |
| Tónfræðadeild .....                                        | 21 |
| Fylgiskjal A - Skóladagatal.....                           | 22 |

|                                                                        |    |
|------------------------------------------------------------------------|----|
| Fylgiskjal B – Hljóðfærakynningar í 2. bekk .....                      | 22 |
| Fylgiskjal C – Stigspróf 2015 - 2020 .....                             | 22 |
| Fylgiskjal D – Fjöldi kenndra klst.....                                | 22 |
| Fylgiskjal E – Nemendafjöldi.....                                      | 22 |
| Fylgiskjal F – Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum.....                | 22 |
| Fylgiskjal G – Hlutfall nemenda í hverjum námsáfangi .....             | 22 |
| Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni.....                        | 22 |
| Fylgiskjal I – Aldursskipting nemenda.....                             | 22 |
| Fylgiskjal J – Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi.....             | 22 |
| Fylgiskjal K – Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft - hlutfall ..... | 22 |
| Fylgiskjal L – Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs.....                    | 22 |
| Fylgiskjal M – Hlutfall nemenda í tónlistarnámi .....                  | 22 |
| Fylgiskjal N - Kennaralisti.....                                       | 22 |
| Fylgiskjal O - Kynjahlutfall kennara.....                              | 22 |
| Fylgiskjal P - Starfshlutfall kennara eftir kyni .....                 | 22 |
| Fylgiskjal Q – Skólagjöld.....                                         | 22 |
| Fylgiskjal R – Sundurliðanir úr Ársreikningi 2020 (KPMG) .....         | 22 |
| Fylgiskjal S – Áætlun og rauntölur 2021 .....                          | 22 |
| Fylgiskjal T – Fjöldi nemenda og klst. október 2021.....               | 22 |
| Fylgiskjal U – Áætlun 2022 .....                                       | 22 |
| Fylgiskjal V – Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2022 .....              | 22 |

# Ársskýrsla Tónlistarskóla Árnesinga október 2021

## Inngangur

Starfsemi tónlistarskóla hefur verið almenningi að miklu leyti hulin sl. 1 ½ árið vegna Covid, enda opinbert hefðbundið tónleikahald og spilamennska „út í bæ“ ekki möguleg nema að mjög takmörkuðu leyti. Það þýðir þó ekki að starfsemin hafi verið minni eða verkefnin færri en í venjulegu ári. Kennarar fóru í raun allir á stórt samfelld endurmenntunarnámskeið um nýtingu tækninnar til fundahalda, kennslu, upptöku tónleika, útsendingu efnis á rafrænu formi og streymi. Þá eru margir orðnir mjög leiknir og útsjónasamir að bjarga sér um nýjar lausnir, ef upphaflegar áætlanir ganga ekki eftir.

Við erum öll reynslunni ríkari. Eftir allan þennan tíma í Covid vitum við með vissu að fjarkennsla kemur ekki í stað hefðbundinna kennslustunda þó tekist hafi að halda sjó. Fjarfundir eru góðir sem slíkir, en koma ekki í stað þess að hittast. Við höfum öðlast nýja þekkingu (bæði tæknilega og á sóttvörnum) sem okkur hefði ekki órað fyrir, fyrir rúmu ári síðan. Við erum þakklát fyrir að hafa getað haldið áfram kennslu þrátt fyrir allt - og við vitum að allar aðstæður bera með sér eitthvað gott og opna nýjar dyr.

**En hver er tilgangur tónlistar og tónlistariðkunar?** Tilgangurinn er margþættur og tónlistarkennarar eru meðvitaðir um mikilvægi sinna starfa. Tónlistin/tónlistariðkun veitir gleði, gefur af sér, hún þroskar, þjálfar, styrkir nemendur bæði sem einstaklinga og félagslega.

Nýlegar rannsóknir á börnum hafa sýnt (dr. Helga Rut Guðmundsdóttir við HÍ og ýmsar erlendar rannsóknir) að tónlistariðkun hefur jákvæð, langvarandi áhrif á heilastarfsemi. Söng- og hrynpjálfun hjálpar börnum að greina hljóð og þar með við lestur (ekki síst lesblindum) og samkvæmt rannsóknum eykur tónlistariðkun hjálpsemi og minnkar árárhæð.

Eitt af því sem vakið hefur sérstaka athygli, er að regluleg tónlistariðkun barna er gríðarlega öflugt jöfnunartæki. Börn sem bjuggu við erfiðar aðstæður og áttu undir högg að sækja námslega efling á greindarprófum með reglulegri tónlistariðkun. Breytingin var ekki eins mikil hjá þeim börnum sem bjuggu þegar við gott atlæti og stuðning, en í hópi þeirra nemenda sem höllum fæti stóðu varð mælanleg breyting: Náðu þau að jafnvel að jafna sína getu við hinn hópinn eftir ákveðinn tíma. Þessara jákvæðu áhrifa gætti enn á háskólaárum. Niðurstöður þessara nýju rannsókna eru svo mikilvægar að taka verður tillit til þeirra í öllu barnastarfi.

Rannsóknir á áhrifum tónlistar á heilastarfsemi hefur líka fengið aukið vægi innan læknisfræðinnar. Nýlegar rannsóknir hafa beinst að endurhæfingu og þjálfun þeirra sem glíma við heilasjúkdóma, s.s. Parkinsonveiki, Alzheimer, heilabilun og þeirra sem fengið hafa heilablóðfall. Á þessum vettvangi eru rannsóknir í gangi, þar sem leiða saman hesta sína fræðimenn á sviði tónlistar og læknisfræði innan háskóla og sjúkrahúsa austan hafs og vestan (dr. Wolfgang Mastnak við tónlistarháskólann í München o.fl.). – Þessar rannsóknir eru ekki síður áhugaverðar þegar horft er til betra lífs og aukinna lífsgæða þeirra sem lenda í áföllum.

*Selfossi, 20. október 2021,  
Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri*

## Veturinn 2020 – 2021

### Forskólinn 2020 - 2021

Fyrstu þrjár hljóðfærakynningar Tónlistarskóla Árnesinga í 2. bekk grunnskóla Árnessýslu (12 talsins) fóru eðlilega af stað haustið 2020. Þá tóku við takmarkanir vegna Covid, svo allar heimsóknir féllu niður til áramóta. Eftir áramót var sett upp nýtt skipulag fyrir hljóðfærakynningarnar og tókst að ljúka öllum kynningum um miðjan apríl. Eins og alltaf var mjög vel tekið á móti tónlistarkennurunum og nemendur grunnskólanna áhugasamir um hljóðfærin.

### Próf veturinn 2020 – 2021

Veturinn 2020 – 2021 luku 222 nemendur stigsprófum. Þar af luku 36 nemendur samræmdum áfangaprófum samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla. Þrír nemendur luku framhaldsprófi í vor, ásamt tilheyrandi tónleikum. Það voru þær Arndís Hildur Tyrfingsdóttir á víólu, Íris Beata Dudziak á píanó og Katrín Birna Sigurðardóttir á selló. (Fylgiskjal C - Stigspróf 2016 – 2021).

### Tónleikahald 2020 – 2021

Hefðbundið tónleikahald var gloppótt veturinn 2020 – 2021 vegna Covid-sóttvarna og samkomutakmarkana og féllu niður allir hefðbundnir haust- og vortónleikar, deildatónleikar, svæðistónleikar og skólaslit. Þegar rofaði til á milli, tókst að halda örfáa tónleika fyrir mjög þröngan áheyrendahóp - oftast var aðeins öðru foreldri leyft að vera viðstatt. Við náðum að halda mið- og framhaldsdeildatónleika, þrenna framhaldsprófstónleika og nokkra vortónleika með öllum þeim fjölda- og fjarlægðartakmörkunum sem giltu.

En nemendur og kennarar sátu ekki auðum höndum. Í stað hefðbundinna tónleika æfðu nemendur, hljómsveitir og samspilshópar atriði sem tekin voru upp og send heim til foreldra. Í nokkrum tilvikum voru haldnir tónleikar með nemendum (án áheyrenda) sem voru teknir upp og svo voru líka haldnir Teams- eða Zoomtónleikar þar sem nemendur lékur hver fyrir annan frá sínu heimili. Þannig tókst að halda úti virku skólastarfi allan veturinn þrátt fyrir tónleikaleysið.

Hér á eftir verður farið yfir það sem hæst bar á tónleikasviðinu.

### Sigur í fiðlukeppni á vegum pólska sendiráðsins

Eyrún Huld Ingvarsdóttir tók þátt í fiðlukeppni á vegum pólska sendiráðsins, haustið 2020. Vegna Covid féllu tónleikar niður, en keppendur sendu inn myndbönd með leik sínum. Eyrún lék tvö verk við undirleik Einaris Bjarts Egilssonar, en kennari hennar var Guðmundur Pálsson. Eyrún Huld náði að heilla dómnefnd með fallegum og blæbrigðaríkum leik og bar sigur úr býtum í sínum aldursflokki.

### Nótan 2021

Vegna Covid var Nótan 2021 (uppskeruhátíð tónlistarskólanna á landsvísu) óhefðbundin. Ekki var efnt til tónleikahalds um allt land með lokatónleikum í Hörpu eins og hefð er fyrir, heldur var efnt til samstarfs við N4 um að taka við upptökum frá tónlistarskólum víðs vegar að af landinu. N4 setti saman þrjá þætti undir heitinu NetNótan ([Netnótan - N4](#)). Í 3. þætti má

sjá brot úr atriði Tónlistarskóla Árnesinga, en á vef Kennarasambands Íslands má finna myndbandið í heild sinni [Suðurland og Suðurnes | Kennarasamband Íslands \(ki.is\)](#).

Fulltrúi Tónlistarskóla Árnesinga var strengjakvartett skipaður þeim Arndísi Hildi Tyrfingsdóttur á víólu, Elísabet Önnu Dudziak og Ingibjörgu Ólafsdóttur á fiðlur og Katrínu Birnu Sigurðardóttur á selló. Frammistaða þeirra var til fyrirmyndar í alla staði.

#### Framhaldsprófstónleikar vorið 2021

Þrír nemendur luku framhaldsprófi í hljóðfæraleik sl. vor með tilheyrandi framhaldsprófstónleikum, sem allir fóru fram í Hveragerðiskirkju. Íris Beata Dudziak lauk framhaldsprófi á píanó með tónleikum 16. mars 2021, Katrín Birna Sigurðardóttir lauk framhaldsprófi á selló með tónleikum 11. maí 2021 og Arndís Hildur Tyrfingsdóttir lauk framhaldsprófi á víólu með tónleikum 12. maí 2021.

Kennarar útskriftarnemanna okkar voru Ester Ólafsdóttir (píanó), Uelle Hahndorf (selló) og Guðmundur Kristmundsson (víóla). Píanómeðleikur á tónleikunum var í höndum Einars Bjarts Egilssonar. Á öllum tónleikunum lék kvintett skipaður próftökunum þremur, auk Ingibjargar Ólafsdóttur og Elísabetar Önnu Dudziak á fiðlu.

Tónleikarnir voru ekki auglýstir eins og venjulega heldur aðeins opnir boðsgestum. Það voru þakklátir áheyrendur sem nutu einstaklega vandaðra framhaldsprófstónleika.

#### Áhrif Covid-19 á vetrarstarfið 2020 - 2021

Covid-19 hafði, sem fyrr segir, mikil áhrif á skólahaldið veturinn 2020 – 2021 - og þá sérstaklega tónleikahald. Við erum þakklát fyrir að einkatímar gátu haldið nánast eðlilega áfram allan veturinn þó stöku tímar færðust yfir í fjarkennslu ef nemandi eða kennari var í sóttkví/með kvef. Nokkrar hljómsveitaæfingar og samspilstímar féllu niður fyrir jól og tónfræði færðist á Teams um tíma.

Við ákváðum að snúa óhagstæðum aðstæður okkur í vil á haustönn 2020. Um vorið hafði sparast fé, vegna aksturs sem féll niður á fjarkennsluvikum. Það nýttum við til kaupa á upptökubúnaði, vefmyndavélum o.fl. Kennarar fengu um haustið stutt námskeið í upptökutækni og í desember 2020 spreyttu kennarar sig á upptökum sem voru svo sendar heim til nemenda/aðstandenda. Margir nýttu líka eigin síma og spjaldtölvur og náðu þannig að senda afurðir heim til nemenda.

Í janúar 2021 veiktist einn kennari af Covid, en annars fór vorönn 2021 ljúflega af stað. Við náðum að halda nokkra tónleika og ljúka prófum í mars, en svo sló aftur í bakseglin með lokun allra skóla 25. mars. Eftir páska hélt kennsla áfram en aftur var þrengt að tónleikahaldi sem gerði m.a. það að verkum að í stað skólaslita var kennt fram á síðasta dag í maí.

Enn og aftur eiga kennarar hrós og þakkir skildar fyrir dugnað, æðruleysi og þrautseigju við að aðlagast sig hverju sinni að nýjum aðstæðum.



## Veturinn 2021 – 2022

### Skóladagatal, kennsluskylda og skólagjöld

Skólaárið 2021 – 2022 hófst 23. ágúst með fimm starfsdögum kennara, en kennsla hófst 30. ágúst. Skólaárinu lýkur með skólaslitum 27. maí 2022 og þremur starfsdögum 30. maí – 1. júní 2022. Starfsdagar á kennslutímabilinu eru þrír. Haustfrí er tekið 14. - 17. október og vorfrí 19. – 22. febrúar, en þessi frí eru aðlöguð að skóladagatali stærstu grunnskóla sýslunnar og FSu. Kennsludagar eru 175 og kennsluskylda 20,57 klst./viku.

(Fylgiskjal A - Skóladagatal 2021 – 2022)

(Fylgiskjal Q - Skólagjöld 2021 – 2022)

---

### Skipurit fyrir Tónlistarskóla Árnesinga 2021 – 2022

Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fulltrúi frá hverju sveitarfélagi

*Framkvæmdastjórn:* Fimm fulltrúar Héraðsnefndar

*Stjórn Tónlistarsk. Árn.:* Kristín Magnúsdóttir (Sveitarfél. Ölfus) til 1. október 2021  
Gestur Þór Kristjánsson (Sveitarfél. Ölfus) frá 1. október 2021  
Kolbrún Haraldsdóttir, ritari (Hrunamannahreppi)  
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, varaform. (Sveitarfél. Árborg)

*Skólastjóri:* Helga Sighvatsdóttir

*Aðstoðarskólastjóri:* Jóhann I. Stefánsson

*Skólaritari:* Guðrún Helgadóttir

*Deildarstjórar 2020-2022:*

|                        |                                 |
|------------------------|---------------------------------|
| Gestur Áskelsson       | Blásaradeild + Blokkflautudeild |
| Guðmundur Kristmundss. | Strengjadeild + Suzukideild     |
| Margrét Stefánsdóttir  | Píanódeild + Söngdeild          |
| Vignir Ólafsson        | Rytmísk deild + Gítardeild      |
| Edit Anna Molnár       | Tónfræðad. + Forskóladeild      |

- deildarstjórar eru ráðnir til tveggja ára í senn.

### Umsjónarmenn kennslustaða

-getur breyst milli ára, fá úthlutað úr launapotti vegna ábyrgðar.

-hlutverk þeirra er að vera tengiliður skólans við samfélagið á hverjum stað, halda utan um tónleikahald á svæðinu og fylgjast með öryggismálum vegna húsnæðis.

### Umsjónamenn kennslustaða veturinn 2021-2022:

|                       |                                     |
|-----------------------|-------------------------------------|
| Flóaskóli             | Eyjólfur Eyjólfsson                 |
| Flúðir/Þjórsárskóli   | Magnea Gunnarsdóttir                |
| Hveragerði            | Timothy Andrew Knappett             |
| Reykholt              | Björn Pálmi Pálmason                |
| Stokkseyri/Eyrarbakki | Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir |
| Þorlákshöfn           | Sigríður Kjartansdóttir             |

## Fjöldi nemenda 2021 – 2022 / biðlistinn

Í ár stunda 555 nemendur nám við skólann í einkatímum og hóptímum. Þar af eru 122 nýnemar. Um 240 nemendur í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu fá hljóðfærakynningar / forskólanám á vegum Tónlistarskólans.

Á biðlista eru 31 nafn sem skiptast þannig skv. fyrsta vali:

Hveragerði: 2 (1 x tromma, 1 x gítar)

Skeiða- og Gnúpverjahreppur 1 (Suzukiblokkflauta)

Árborg: 26 (6 x gítar, 12 x píanó, 3 x rafbassi, 1 x Suzukiblokkflauta, 3 x trommur)

Ölfus: 2 (trommur)

Nánari upplýsingar um fjölda nemenda og fl. má sjá í meðfylgjandi fylgiskjöllum.

(Fylgiskjal D - Fjöldi kenndra klst.)

(Fylgiskjal E - Nemendafjöldi)

(Fylgiskjal F - Fjöldi nemenda eftir hljóðfærahópum)

(Fylgiskjal G - Hlutfall nemenda í hverjum námsáfangi)

(Fylgiskjal H - Hlutfall nemenda eftir kyni)

(Fylgiskjal I - Aldursskipting nemenda í einkatímum)

(Fylgiskjal J - Hlutfall nemenda í heilu og hálfu námi)

(Fylgiskjal K - Hefðbundið nám/Suzukinám – heilt/hálft - hlutfall)

(Fylgiskjal L - Nemendafjöldi til Jöfnunarsjóðs)

(Fylgiskjal M - Hlutfall nemenda í tónlistarnámi)

(Fylgiskjal T - Fjöldi nemenda og klukkustunda október 2021)

## Kennarar 2021 – 2022

Enginn kennari hætti störfum í vor, en tveir nýir kennarar voru ráðnir í haust: Baldvin Snær Hlynsson rytmískur píanókennari og Luke Starkey gítarkennari.

- Við óskum nýliðunum okkar velfarnaðar í starfi.

Í vetur starfa 39 kennarar við skólann í um 27 stöðugildum.

(Fylgiskjal N - Kennaralisti)

(Fylgiskjal O - Kynjahlutfall kennara)

(Fylgiskjal P - Starfshlutfall kennara eftir kyni)

## Endur- og símenntun kennara

Kennarar skólans eru almennt duglegir að sinna endur- og símenntun utan skólans eins og kveðið er á um í kjarasamningum.

Suzukikennarar eru flest allir í Suzukikennaranámi og einn kennari er í mastersnámi við tónlistardeild Listaháskóla Íslands.

Tónlistarskólinn stendur árlega fyrir nokkrum námskeiðum og fyrirlestrum fyrir kennara á starfsdögum. Sl. vetur fengum við Katrínu Möller frá TRS til að halda námskeið um Teams til fundahalda og kennslu og dr. Helga Rut Guðmundsdóttir hélt erindi um nýlegar rannsóknir á áhrifum tónlistariðkunar á heilastarfsemi. Erindið fór fram á Teams. Í haust kom Valgerður Jónsdóttir frá Tónstofu Valgerðar og fræddi okkur um kennslu nemenda með fötlun og Hinrik Þór Sigurðsson hélt fyrirlestur um markmiðs- og hugarþjálfun. Öll erindin voru einstaklega fróðleg og gagnleg.



## Kennslustaðir 2021 – 2022

Kennslustaðir eru þeir sömu og sl. vetur, nema engin kennsla fer fram í Flóaskóla í vetur. Þar verða þó haldnir tónleikar.

Árborg: Eyravegur 9 og 15, Selfossi

Árborg: Sunnulækjarskóli, Selfossi

Árborg: Vallaskóli, Selfossi

Árborg: Barnaskólinn á Eyrarbakka

Árborg: Barnaskólinn á Stokkseyri

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Reykholti

Bláskógabyggð: Grunnskólinn Laugarvatni

Flóahreppur: Flóaskóli

Grímsnes- og Grafningshreppur: Kerhólsskóli

Hrunamannahreppur: Flúðaskóli

Hveragerði: Grunnskólinn í Hveragerði

Skeiða- og Gnúpverjahreppur: Þjórarskóli

Ölfus: Grunnskólinn í Þorlákshöfn

## Tónleikahald og aðrir viðburðir veturinn 2021 – 2022

Tónleikahald verður vonandi með hefðbundnu sniði í vetur, en stærstu viðburðir vetrarins verða skv. skóladagatali:

- Deildatónleikar verða í nóvember, desember og febrúar sem hér segir:
  - Blokkflautudeildartónleikar – mánud. 1. nóv. í Barnaskólanum Stokkseyri
  - Strengjadeildartónleikar – fimmtud. 4. nóv. í Hveragerðiskirkju
  - Rytmskir deildartónleikar – föstud. 5. nóv. í sal skólans Eyravegi 9, Selfossi
  - Píanódeildartónleikar – fimmtud. 11. nóv. í Selfosskirkju
  - Söngdeildartónleikar – föstud. 10. des. í Selfosskirkju
  - Gítardeildartónleikar - þriðjud. 15. febrúar 2022
  - Blásaradeildartónleikar – fimmtud. 17. febrúar 2022
- Hausttónleikar skólans vikuna 15. - 20. nóvember.
- Árlegt jólaball Suzukideildar fimmtud. 2. des.
- Í desember leika nemendur jólalög og aðra fallega tónlist úti í samfélaginu.
- Dagur tónlistarskólanna verður haldinn hátíðlegur laugard. 5. febrúar 2022.
- Miðdeildartónleikar, miðvikud. 16. mars 2022.
- Framhaldsdeildartónleikar, fimmtud. 24. mars 2022.
- Píanó-hringekjutónleikar, föstud. 29. apríl 2022.
- Vortónleikar, 2. – 6. maí 2022.
- Skólaslit 20. – 27. maí 2022.

Þema vetrarins er „Ást og gleði“.

## Tónlistarflutningur á hjúkrunarheimilum

Tónlistarskólanemendur geta nú aftur heimsótt hjúkrunarheimilin Ljósheima og Fossheima eftir langt hlé. Kennarar skiptast á um að fara með nemendur og leika fyrir heimilisfólk.

## Forskóla-hljóðfærakynningar

Hljóðfærakynningum tónlistarskólans innan grunnskólanna verður framhaldið á vorönn. Allar bekkjardeildir 2. bekkjar fá fimm heimsóknir, þar sem verður bæði sungið og leikið á hljóðfæri.

(Fylgiskjal B - Hljóðfærakynningar í 2. bekk)

## Nýr ritari

Ragnhildur Magnúsdóttir, sem gegnt hefur starfi ritara Tónlistarskóla Árnesinga fór á eftirlaun 1. mars 2021 og hafði þá starfað við skólann í rúm 20 ár. Við starfi hennar tók Guðrún Helgadóttir.

Ragnhildi eru færðar innilegar þakkir fyrir farsælt samstarf öll árin fyrir tónlistarskólann. Um leið bjóðum við Guðrúnu velkomna og óskum henni allra heilla í nýju starfi.

- - -

## Áætlun 2022

Heildarframlög sveitarfélaga til Tónlistarskóla Árnesinga árið 2022 eru áætluð 328.955.350 kr. Ekki er gert ráð fyrir launabreytingum í þessari áætlun, en kjarasamningar FT og FÍH renna út 31. desember 2021. **Áætlun krefst því endurskoðunar þegar skrifað verður undir nýjan kjarasamning.**

Forsendur áætlunar eru:

1. Áætlun gerð á rauntölum janúar - ágúst 2021 og áætlun úr launaforriti fyrir veturinn 2021 - 2022.
2. Kennslustundafjöldi í október 2021, 503,61 klst.
3. Kjarasamningur KÍ/FT við LS - gildistími 1.9.2020 – **31.12.2021**
4. Kjarasamningur FÍH við LS - gildistími 1.1.2020 – **31.12.2021**

(Fylgiskjal R – Sundurliðanir úr Ársreikningi 2020)

(Fylgiskjal S – 8 mán. rekstraryfirlit 2021)

(Fylgiskjal U - Áætlun 2022)

(Fylgiskjal V - Kostnaðarskipting sveitarfélaga 2022)

# Skýrslur deildastjóra maí 2021

## Blásaradeild

### Skýrsla maí 2021

*Deildarstjóri:* Gestur Áskelsson

*Kennarar:*

Birna Bragadóttir

Eyjólfur Eyjólfsson

Gestur Áskelsson

Heimir Ingi Guðmundsson

Hjörtur B. Hjartarson

Jóhann I. Stefánsson

Sigríður Kjartansdóttir

Örlygur Benediktsson

Stefán I. Þórhallsson

*Kennslugreinar:*

Þverflauta, klaríneta, saxófónn

Þverflauta

Klaríneta, saxófónn

Trompet, horn, básúna

Klaríneta, þverflauta, saxófónn

Trompet, básúna, túba

Þverflauta

Klaríneta, saxófónn

Slagverk

*Hljómsveitir og samspil:*

Selfoss yngri blásarasveit

Selfoss eldri blásarasveit

Þorlákshöfn yngri blásarasveit

Þorlákshöfn eldri blásarasveit

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Jóhann I. Stefánsson/Heimir Ingi Guðmundsson

Gestur Áskelsson

Gestur Áskelsson

*Tónleikahald deildar:*

Tónleikahald féll að mestu niður vegna Covid. Þannig fór með blásaradeildartónleikar í nóvember 2020, jólaböll í grunnskólunum í desember 2020, tónleika í tilefni af Degi tónlistarskólann í febrúar 2021 o.fl.

Nemendur komu þó fram á t.d. vortónleikum á Selfossi, í Þorlákshöfn og Reykholti í maí 2020, léku fyrir eldri borgara í Þorlákshöfn, opnu húsi í Grunnskólanum í Hveragerði o.fl.

*Tónleikaferðalög og heimsóknir:*

Öll tónleikaferðalög, lúðrasveitamót og heimsóknir á hjúkrunarheimili féllu niður.

*Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim::*

Kennarar nýttu áfram fjarkennslu í gegnum Teams, ef á þurfti að halda vegna Covid.

## Blokkflautudeild

### Skýrsla maí 2021

*Deildarstjóri:* Gestur Áskelsson

*Kennarar:*

Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir

Helga Sighvatsdóttir

Sylvía Rossel

*Kennslugreinar:*

Blokkflauta og Suzukiblokkfl.

Blokkflauta

Suzukiblokkflauta

*Samspilshópar:*

Selfoss, Blokkflautusveit grunnnám

Selfoss, Blokkflautusveit mið-/framhnám

Suzuki-blokkflautuhópar 1

Suzuki-blokkflautuhópar 2

Suzuki-blokkflautuhópar 3

*Stjórnandi:*

Kristín Jóhanna Dudziak

Helga Sighvatsdóttir

Kristín Jóhanna Dudziak

Kristín Jóhanna Dudziak

Kristín Jóhanna Dudziak

*Tónleikahald deildar:*

Hefðbundið tónleikahald féll að mestu niður vegna Covid. Þannig féllu niður blokkflautudeildartónleikar í nóvember 2020, tónleikar í tilefni af Degi tónlistarskólann í febrúar 2021 o.fl.

En nemendur komu fram á eftirtöldum viðburðum:

Jóla-nemendatónleikar voru teknir upp og sendir heim til aðstandenda.

Miðdeildartónleikar 3. mars 2021

Vortónleikar 5. og 6. maí 2021

Blokkflautusveit hélt tónleika í hellinum í Hellisskógi 26. maí 2021.

*Tónleikaferðalög og heimsóknir:*

Öll tónleikaferðalög, æfingabúðir og heimsóknir á hjúkrunarheimili féllu niður.

*Námskeið sem kennarar hafa sótt:*

Suzuki blokkflautukennarar skólans hafa haldið áfram Suzuki-kennaranámi í gegnum Teams.

*Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim:* Kennarar kenndu í gegnum fjarfundabúnað á meðan á samkomubanni stóð vegna Covid-19.

## Forskóladeild – hljóðfærakynningar í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu. Skýrsla maí 2021

Deildarstjóri: Edit Anna Molnár

Planið var að allir í 2. bekk í grunnskólum Árnessýslu myndu fá fimm heimsóknir yfir veturinn. Tvær fyrir jól og þrjár eftir jól. Það þurfti því miður að breyta þessu plani vegna Covid-19.

Yfirumsjón með kynningunum var í höndum deildarstjóra hvers hljóðfærahóps. Hver þeirra hélt utan um sex kynningarlotur í sínum hljóðfæraflokki. Til liðs við sig fengu deildarstjórar kennara úr heimasveit eða annan kennara innan deildar eftir atvikum. Grunnskólakennarar og skólastjórar fengu í upphafi vetrar senda áætlun um heimsóknartímana.

Hver tími byggðist upp með eftirfarandi hætti: kynning á hljóðfærinu, hljóðfæraleikur fyrir nemendur og söngur. Sá liður að nemendur fengju að prófa hljóðfærin féll niður vegna smithættu.

Kynningar - Deildarstjórar - Kennarar:

---

1. **Gítar/slagverk/rytmísk hljóðfæri:** *Vignir Ólafsson*,  
+ Stefán I. Þórhallsson.
2. **Strokhljóðfæri:** *Guðmundur Kristmundsson*  
+ Guðmundur Pálsson, María Weiss, Ulle Hahndorf.
3. **Tréblásturshljóðfæri:** *Gestur Áskelsson*  
+ Birna Bragadóttir, Eyjólfur Eyjólfsson, Hjörtur B. Hjartarson, Kristín J. Dudziak,  
Sigríður Kjartansdóttir, Helga Sighvatsdóttir
4. **Málmblásturshljóðfæri:** *Jóhann I. Stefánsson*  
+ Heimir I. Guðmundsson, Ása Berglind Hjálmarsdóttir
5. **Píanó og upprifjunartími/söngur:** *Margrét S. Stefánsdóttir og Edit A. Molnár*

## Gítardeild

### Skýrsla maí 2021

*Deildarstjóri:* Vignir Ólafsson

*Kennarar:*

Birgit Myschi

Francisco Javier Jáuregui

Hjörtur B. Hjartarsson

Kristinn Freyr Kristinsson

Vignir Ólafsson

*Kennslugreinar:*

Klassískur- og Susuki gítar/samspil

Klassískur gítar

Klassískur gítar/samspil

Klassískur gítar/samspil/meðleikur

Rafgítar/samspil

*Samspilshópar:*

Hveragerði Gítarsamspil

Laugarvatn Gítarsamspil

Selfoss Gítarsamspil 1 og 2

Selfoss Suzukihópar A1, A2, B og C Birgit Myschi

*Stjórnandi:*

Kristinn Freyr Kristinsson

Kristinn Freyr Kristinsson

Kristinn Freyr Kristinsson

Birgit Myschi

*Tónleikahald deildar:* Susukiútskriftir 14. nóv. og 12. maí, Opið hús í grunnskóla Hveragerðis 10. des., Teamstónleikar 17. des. *Vortónleikar:* Hellisskógi 6. maí, Selfossi 11. maí og 20. maí, Reykholti 20. maí og Kerhólsskóla 21. maí

*Tónleikaferðalög og heimsóknir:* Jólaspil úti í bæ féll niður vegna veirunnar

Gítarleikur í Foss- og Ljósheimum féll niður vegna veirunnar

*Próf:* 4 tóku grunnpróf á gítar

*Námskeið sem kennarar hafa sótt:* Skyndihjálparnámskeið féll niður vegna veirunnar

Teams námskeið haldið í ágúst 2020.

*Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur, kennslugögn) og mat á þeim:*

Á árinu kom upp farsótt sem leiddi til þess að öll kennsla fór yfir í fjarkennslu og gekk það vonum framar og sýndi fram á nýja möguleika í kennslunni og að þetta er hægt upp að vissu marki. Þetta var líka gott að því leyti að starfsmenn skólans fengu smá uppfærslu í notkun á þeirri tækni sem er í boði og getur nýst okkur, bæði nú og í framtíðinni. Fjárfest var í búnaði fyrir upptökur og streymi og hefur sú fjárfesting skilað sér vel.

- Hljóðfærakynningar í grunnskólum sýslunnar sem er góð og skemmtileg viðbót við starf skólans voru með breyttu sniði vegna veirunnar og var börnunum ekki boðið að prófa hljóðfærin af þeim sökum.

*Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:* Styðja við starfsfólk skólans varðandi rafrænt umhverfi og fjarkennslu í skólanum

*Annað:* Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri.



## Píanódeild

### Skýrsla maí 2021

*Deildarstjóri:* Margrét S. Stefánsdóttir

*Kennarar:*

Birna Bragadóttir

Björn Pálmi Pálmason

Einar Bjartur Egilsson

Ester Ólafsdóttir

Gestur Áskelsson

Guðrún Markúsdóttir

Jón Bjarnason

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir

Magnea Gunnarsdóttir

Margrét S. Stefánsdóttir

Miklós Dalmay

Svetlana O. Veshchagina

Timothy Andrew Knappett

Ulle Hahndorf

*Hljómsveitir / samspilshópar (fastir og tilfallandi):* Hljómsveitir og samspilshópar gátu ekki starfað eðlilega vegna Covid og ýmissa takmarkana því tengdu. En annars eru undir eðlilegum kringumstæðum starfandi: Píanóhringekja, Suzukisamspil, tilfallandi fjórhent verkefni og píanókvintett

*Tónleikahald deildar:* Það var ekki mikið um tónleika þetta skólaárið vegna Covid-19. En náðum þó á milli samkomutakmarkana að halda mið- og framhaldsdeildartónleika. Þar komu nokkrir píanónemendur fram. Einnig voru kennarar með vortónleika í maí.

*Tónleikaferðalög og heimsóknir:* Það var lítið um ferðalög og heimsóknir. Þó var hægt að fara inn í grunnskóla í Árnessýslu með hljóðfærakynningar.

*Próf – fjöldi áfangaprófa:* 31 stigspróf og 11 áfangapróf þar af eitt framhaldspróf. Einnig 12 útskriftir hjá Suzuki-píanónemendum

*Námskeið sem kennarar hafa sótt:*

Ester Ólafsdóttir vinnur að 4. stigi í Suzukikennaranámi

Guðrún Markúsdóttir vinnur að 4. stigi í Suzukikennaranámi

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir er í mastersnámi í söng- og hljóðfærakennslu í Listaháskóla Íslands

*Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim:*

Helstu nýjungar á kennsluárinu eru þær að kennarar urðu að bregðast við aðstæðum sem upp komu og kenna rafrænt þegar að ekki mátti halda uppi kennslu á hefðbundinn máta. Þetta gekk ótrúlega vel og kennarar voru mjög hugmyndaríkir að reyna að lita þessa nýju nálgun í kennslunni. Það sést kannski best á fjölda prófa þetta árið. (Í fyrra voru 21 stigspróf og 13 áfangapróf) Mér finnst þetta segja allt um elju og dugnað kennara hversu vel þeim gekk að aðlagast sig nýjum kennsluháttum og skila nemendum í próf.

*Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:*

Næsta skólaár verður vonandi með hefðbundnu sniði. Með tilheyrandi samspili, tónleikum og heimsóknum út í bæ. Einnig er stefnt á stórt sameiginlegt verkefni þar sem allar deildir skólans taka þátt. Píanóhringekjunemendur ætla í heimsókn í Tónskóla Sigursveins og halda tónleika með nemendum þar. Einnig er stefnt að endurmenntun/námskeiði hjá kennurum næsta haust.

## Rytmísk deild

### Skýrsla maí 2021

Deildarstjóri: Vignir Ólafsson

#### Kennarar:

Daniel Cassidy  
Sigurgeir Skafti Flosason  
Skúli Gíslason  
Stefán I. Þórhallsson  
Vignir Ólafsson  
Birgir Steinn Theodórsson (afleysingar)  
Leifur Gunnarsson (afleysingar)

#### Kennslugreinar:

Fiðla  
Rafbassi  
Trommur  
Slagverk og trommur og samspil  
Rafgítar, rafbassi og samspil  
Rafbassi  
Rafbassi

#### Samspilshópar:

Selfoss Rytmísk samspil 1, 2, 3 og 4  
Selfoss Slagverkssamspil G og M

#### Stjórnandi:

Vignir Ólafsson  
Stefán I. Þórhallsson

**Tónleikahald deildar:** Engir tónleikar fóru fram á haustönn en tekin voru upp atriði og send á nemendur. Vortónleikar 11. maí, eingöngu nemendur mættu og öll atriði tekin upp. Einn nemandi lék á skólaslitum í Sunnulækjarskóla.

**Tónleikaferðalög og heimsóknir:** Jólaspil rytmískrar deildar féll niður vegna veirunnar  
Rytmísk deild á Ljós- og Fossheimum féll niður vegna veirunnar

Hljóðfærakynningar í grunnskólum sýslunnar sem eru góð og skemmtileg viðbót við starf skólans voru með breyttu sniði vegna veirunnar og féll út liðurinn að leyfa börnunum að prófa hljóðfærin. Hlé var gert á kynningum á haustönn vegna veirunnar en á vorönn komust þær í gang aftur og þéttara en vanalega og kom það vel út.

**Próf – fjöldi áfangaprófa.** 2 nemendur tóku miðpróf og 2 nemendur tóku grunnpróf

**Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur, kennslugögn) og mat á þeim:** Á árinu kom upp farsótt sem leiddi til þess að öll kennsla fór yfir í fjarkennslu og gekk það vonum frammar og sýndi fram á nýja möguleika í kennslunni og að þetta er hægt upp að vissu marki. Þetta var líka gott að því leyti að starfsmenn skólans fengu smá uppfærslu í notkun á þeirri tækni sem nýtist okkur, bæði nú og í framtíðinni. Einnig var fjárfest í streymi og upptökubúnaði sem var nauðsynlegt fyrir skólann og sýndi sig strax að þeim fjármunum var vel varið.

**Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:** Styðja við starfsmenn skólans varðandi rafrænt umhverfi, fjarkennslu, upptökur og streymi

**Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:** Enn og aftur er að koma í ljós að kennslurými vantar. Reyndar bættist rými við hjá okkur við hlið Orff, Páll Ísólfsson, sem var mjög góð viðbót en hefur þó þann galla að samspil í Orff og tónfræði og slíkt í Páli Ísólfs fer ekki mjög vel saman þar sem mjög hljóðbætt er á milli rýma.

**Annað:** Halda áfram að efla tengsl og samvinnu á milli deilda skólans. Samvinna er það sem skilar mestum árangri.

## Strengjadeild

### Skýrsla maí 2021

Deildarstjóri: Guðmundur Kristmundsson

#### Kennarar:

Guðmundur Kristmundsson  
Guðmundur Pálsson  
María Weiss  
Uelle Hahndorf

#### Kennslugreinar:

Fiðla, víóla  
Fiðla  
Fiðla  
Selló

#### Hljómsveitir og samspilshópar:

Hveragerði Fiðlusamspil  
Selfoss Fiðlusamspil  
Selfoss Eldri strengjasveit  
Selfoss Yngri strengjasveit  
Selfoss Strengjakvartett

#### Stjórnandi:

Guðmundur Kristmundsson  
Guðmundur Pálsson  
Guðmundur Kristmundsson/Uelle Hahndorf  
Uelle Hahndorf/Guðmundur Kristmundsson  
Guðmundur Kristmundsson

#### Tónleikahald deildar:

**Tónleikahald** var ekki með hefðbundnum hætti utan mið- og framhaldsdeildartónleika, þar sem m.a. nemendur deildarinnar tóku þátt. Í stað hefðbundinna tónleika beggja strengjasveitanna s.s. Aðventutónleikanna í LÁ, þátttöku í Jólballi Suzuki-deildar, auk annarra tónleika, þá var leikur strengjasveitanna tekinn upp á video, báðar annirnar. Þær upptökur sem tilbúnar eru hafa verið sendar á aðstandendur.

**Strengjakvartett** skólans tók upp video sem notað verður í NÓTUNNI. Kvartettinn kom einnig fram, í píanó-kvintett útfærslu, á öllum þremur framhaldsprófstónleikum skólans í vor. **Kennarar** voru mjög duglegir að taka upp á video leik einstakra nemenda sinna sem og hópa og senda aðstandendum þegar þeim síðastnefndu var meinaður aðgangur að skólanum skv. sóttvarnareglum.

#### Tónleikaferðalög og heimsóknir:

Nokkrir nemendur léku við setningu og slit skóla sinna ásamt því að fara í leikskóla heimsóknir eftir því sem sóttvarnareglur leyfðu.

#### Próf – fjöldi áfangaprófa:

Stigspróf: 6 x 1. stig, 4 x 2. stig, 6 x 4. stig, 3 x 6. stig = 19

Áfangapróf: 4 x Grunnpróf, 4 x Miðpróf, 2 x Framhaldspróf = 10

Námskeið sem kennarar hafa sótt: (v/COVID hefur ekki verið sama framboð á námskeiðum fyrir kennara og undanfarin ár.)

#### Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim:

Upptökur mikið stundaðar í stað hefðbundinna tónleika, auk streymistónleika og gagnvirkra ZOOM-tónleika.

#### Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:

Öflugt hljómsveitastarf, líka í samstarfi við aðrar deildir og -skóla. Fleiri smærri samspilshópar.

*Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir:*

Haldið verði áfram starfi samspilshópa nýnema í hefðbundnu námi til að styrkja félagstengsl og auka fjölbreytni í náminu.

*Annað:*

Hljóðfærakostur þarf viðhald og endurnýjun. Fleiri hljóðfæri vantar í tilteknum stærðum. Covid setti, svo um munar, mark sitt á starfið báðar annir. Hefðbundnir stórviðburðir deildarinnar féllu niður v/Covid 19 s.s. Vínarbrauðstónleikarnir. Kennarar notuðu óspart allt það sem tæknin hefur uppá að bjóða til að miðla skólastarfinu til foreldra.

## Suzukideild

### Skýrsla maí 2021

*Deildarstjóri:* Guðmundur Kristmundsson

*Kennarar:*

Birgit Myschi  
Ester Ólafsdóttir  
Guðmundur Kristmundsson  
Guðmundur Pálsson  
Guðrún Markúsdóttir  
Kristín Jóhanna Dudziak Glúmsdóttir  
María Weiss  
Sylvía Rossel  
Uelle Hahndorf

*Kennslugreinar:*

Suzukigítar  
Suzukipíanó  
Suzukifiðla, Suzukivíóla  
Suzukifiðla  
Suzukipíanó  
Suzukiblokkflauta  
Suzukifiðla  
Suzukiblokkflauta  
Suzukiselló

*Hljómsveitir og samspilshópar:*

|            |                           |
|------------|---------------------------|
| Selfoss    | Suzuki-blokkflautuhópur 1 |
| Selfoss    | Suzuki-blokkflautuhópur 2 |
| Selfoss    | Suzuki-blokkflautuhópur 3 |
| Selfoss    | Suzuki-fiðluhópur A       |
| Selfoss    | Suzuki-fiðluhópur B       |
| Selfoss    | Suzuki-fiðluhópur C       |
| Selfoss    | Suzuki-fiðluhópur D       |
| Selfoss    | Suzuki-gítarhópur A1      |
| Selfoss    | Suzuki-gítarhópur A2      |
| Selfoss    | Suzuki-gítarhópur B       |
| Selfoss    | Suzuki-gítarhópur C       |
| Selfoss    | Suzuki-píanósamspil 1     |
| Selfoss    | Suzuki-píanósamspil 2     |
| Selfoss    | Suzuki-píanósamspil 3     |
| Selfoss    | Suzuki-píanósamspil 4     |
| Hveragerði | Suzuki-píanósamspil 4     |
| Selfoss    | Suzuki-sellóhópur A       |
| Selfoss    | Suzuki-sellóhópur B       |
| Selfoss    | Suzuki-víóluhópur         |

*Stjórnandi:*

|                         |
|-------------------------|
| Kristín Jóhanna Dudziak |
| Kristín Jóhanna Dudziak |
| Kristín Jóhanna Dudziak |
| Guðmundur Kristmundsson |
| Guðmundur Pálsson       |
| Guðmundur Pálsson       |
| María Weiss             |
| Birgit Myschi           |
| Birgit Myschi           |
| Birgit Myschi           |
| Birgit Myschi           |
| Guðrún Markúsdóttir     |
| Guðrún Markúsdóttir     |
| Guðrún Markúsdóttir     |
| Guðrún Markúsdóttir     |
| Ester Ólafsdóttir       |
| Uelle Hahndorf          |
| Uelle Hahndorf          |
| Guðmundur Kristmundsson |

#### *Tónleikahald deildar:*

Tvennir Suzuki-útskriftartónleikar haldnir á haustönn og fimm á vorönn. (Alls 59 útskriftir). Í stað hefðbundinna tónleika þá voru kennarar duglegir að taka upp hópa sína á videó sem og einstaka nemendur og var afraksturinn sendur foreldrum.

Zoom tónleikar tíðkuðust í samkomubanni og sóttkví.

Tónleikar að vori komust að einhverju leyti í hefðbundið horf með áhorfendum, uppúr miðjum maí

#### *Tónleikaferðalög og heimsóknir:*

12 af 18 blokkflautunemendum skólans stefna á Suzuki-námskeiðið á Akureyri í ágúst nk. ásamt hópi fiðlu- víólu- og sellónemenda.

Hópur fiðlu nemenda sækir Fiðlufjörið á Hvolsvelli í júní.

Ingibjörg Birgisdóttir, Kristín J. D. Glúmsdóttir og María Weiss kenna á Suzuki-námskeiðinu á Akureyri í ágúst nk.

Guðmundur Kristmundsson kennir á Fiðlufjörs-námskeiðinu á Hvolsvelli í júní.

Nokkrir nemendur léku við setningu og slit skóla sinna auk heimsókna í leikskóla eftir því sem sóttvarnareglur leyfðu.

#### *Próf – fjöldi áfangaprófa:*

Útskriftir úr Suzukibókum: 59! (Greinilegt að Suzuki-nemendur hafa ekki slegið slöku við í vetur)

#### *Námskeið sem kennarar hafa sótt:*

Kristín J. D. Glúmsdóttir er í Level 3 Suzuki-kennaranámi.

Sylvia Rossel er í Level 1 Suzuki-kennaranámi.

#### *Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:*

Aukið samstarf með öðrum skólum,

Áframhaldandi foreldrafræðsla

Námskeið fyrir kennara

#### *Annað*

Covid setti svo um munar mark sitt á starfið í vetur. Stórir viðburðir deildarinnar s.s.

Jólaballið og Vínarbrauðstónleikarnir féllu niður vegna Covid 19. Kennarar notuðu óspart allt það sem tæknin hefur uppá að bjóða til að miðla skólastarfinu til foreldra.

## Söngdeild

### Skýrsla maí 2021

Deildarstjóri: Margrét S. Stefánsdóttir

#### Kennarar:

Eyjólfur Eyjólfsson  
Magnea Gunnarsdóttir  
Margrét S. Stefánsdóttir

#### Kennslugreinar:

Söngur, þverflauta  
Söngfuglar, tónfræði, píanó  
Söngur, píanó, deildarstjóri píanódeildar

#### Sönghópar:

Flúðir Söngfuglar (10 – 15 ára)  
Hveragerði Söngfuglar (10 – 15 ára)  
Selfoss Söngf. 1 og 2 (10–15 ára)  
Selfoss Sönghópur söngnemenda

#### Stjórnandi:

Magnea Gunnarsdóttir  
Margrét S. Stefánsdóttir  
Margrét S. Stefánsdóttir  
Margrét S. Stefánsdóttir

Vegna Covid-19 var heilmikil röskun á starfi þessara hópa. Þegar samkomutakmarkanir voru settar á, og einnig þegar smit kom upp í grunnskólum í samfélaginu þá féllu tímar niður.

*Tónleikahald deildar:* Vegna Covid var tónleikahald minna en gert var ráð fyrir. Þó náðist að halda mið- og framhaldsdeildartónleika í mars. Einnig voru tónleikar söngdeildar í desember og í maí en án gesta.

*Tónleikaferðalög og heimsóknir:* Engin tónleikaferðalög, en söngfuglar fóru á Bókasafn Árborgar og á Dvalarheimilið Ás í Hveragerði í maímánuði. Einnig gátu söngnemendur farið og sungið á kaffihúsadegi hjá Oddfellow og Landsfundi eldri borgara á Hótel Selfoss.

#### Próf – fjöldi áfangaprófa:

6 stigspróf þar af eitt 6. stig  
4 áfangapróf  
27 söngfuglar í námi (yngri söngnemendur)  
23 söngnemendur (einkatíma nemendur)

#### Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur, kennslugögn) og mat á þeim:

Masterclass tímar byrjuðu á þessu skólaári. Við gátum þó ekki haldið þeim alveg út vegna samkomutakmarkana um miðbik skólaárs. Þessir tímar eru mjög vel heppnaðir. Kennarar skiptast þá á að vera með tímana og leiðbeina nemendum. Þetta gefur innsýn inn í hvað hver nemandi er að æfa hverju sinni. Nemendur kynnast verkefnum frá mismunandi tímabilum og æfa sig í að koma fram. Þessir tímar eru tvisvar í mánuði.

Einnig þurftu kennarar að bregðast við nýjum veruleika í Covid og kenna rafrænt. Þegar ekki var hægt að halda úti kennslustund með hefðbundnum hætti. Tókst þetta ótrúlega vel með því að nota hugmyndaflugið og finna leiðir til að halda kennslunni „lifandi“ áfram. Voru þá til dæmis notaðar upptökur. Bæði tóku nemendur sig upp og sendu á kennarann, eða nemandinn fékk undirleik sendan og gat þá æft sig með og jafnvel sent þannig upptökur á kennarann.

*Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:* Áframhald á samvinnu milli deilda skólans. Nota þema eins og gert hefur verið síðustu ár og útvíkka það með tilliti til samstarfs. Fá mismunandi hljóðfærahópa til samvinnu með söngdeildinni/söngfuglum. Einnig er áformað að setja upp sameiginlegt verkefni allra deilda skólans. Eina stóra sýningu sem verður sýnd í maí. Þetta höfum við gert áður og hefur verið frábær reynsla fyrir nemendur. Skemmtileg samvinna/samsuða milli mismunandi hljóðfæraleikara og söngvara.

## Tónfræðadeild

### Skýrsla maí 2021

*Deildarstjóri:* Edit Anna Molnár

*Kennarar :*

Ása Berglind Hjálmarsdóttir  
Björn Pálmi Pálmason  
Edit Anna Molnár

Gestur Áskelsson

Kolbrún Berglind Grétarsdóttir  
Magnea Gunnarsdóttir  
Örlygur Benediktsson

*Tónfræðihópar:*

Tónfræði í grunn- og miðnámi  
Tónfræði í grunnnámi  
Tónfræði í grunn- og miðnámi  
Tónheyrn í framhaldsnámi  
Tónfræði í grunnnámi  
Tónfræði í grunnnámi  
Tónfræði í grunn- og miðnámi  
Tónfræði í grunn- og miðnámi  
Hljómfræði í framhaldsnámi  
Tónlistarsaga í framhaldsnámi

*Próf – fjöldi áfangaprófa:*

Grunnpróf í tónfræðagreinum er samræmt innan skólans á öllum kennslustöðum T. Á.  
38 nemendur luku grunnprófi að þessu sinni.

Miðpróf í tónfræðigreinum fór fram á Selfossi 23. apríl 2021. 23 nemendur tóku miðpróf.

*Nýjungar á skólaárinu (kennsluhættir, kennslubækur og gögn) og mat á þeim:*

Nýjasta útgáfa af Ópus tónfræði bókum fór í notkun hjá T.Á. í september 2020.  
Ópus 2–5 eru kennslubækur fyrir nemendur sem stunda grunn- og miðnám í tónfræðum.  
Höfundar bókanna eru Guðfinna Guðlaugsdóttir og Marta E. Sigurðardóttir.

Ný tónfræðibók “Nótnalandið” sem var samið fyrir T.Á. fór í notkun fyrir byrjendur í tónlistarskólanum. Höfundur bókarinnar er Magnea Gunnarsdóttir, kennari í T.Á.

*Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs:*

Hraðferð fyrir eldri nemendur sem fer í gegnum Ópus 2 og Ópus 3 á einu skólaári.

Tónlistarskóladagatal 2021 - 2022

Fylgiskjal A - Skóladagatal

| ÁGÚST | SEPTEMBER | OKTÓBER | NOVEMBER | DESEMBER | JANÚAR | FEBRÚAR | MARS | APRÍL | MÁJ  | JÚNÍ |
|-------|-----------|---------|----------|----------|--------|---------|------|-------|------|------|
| 1 S   | 1 M       | 1 F     | 1 M      | 1 M      | 1 L    | 1 P     | 1 P  | 1 F   | 1 S  | 1 M  |
| 2 M   | 2 F       | 2 L     | 2 P      | 2 F      | 2 S    | 2 M     | 2 M  | 2 L   | 2 M  | 2 F  |
| 3 Þ   | 3 F       | 3 S     | 3 M      | 3 F      | 3 M    | 3 F     | 3 F  | 3 S   | 3 P  | 3 F  |
| 4 M   | 4 L       | 4 M     | 4 F      | 4 L      | 4 P    | 4 F     | 4 F  | 4 M   | 4 M  | 4 L  |
| 5 F   | 5 S       | 5 P     | 5 F      | 5 S      | 5 M    | 5 L     | 5 L  | 5 P   | 5 F  | 5 S  |
| 6 F   | 6 M       | 6 M     | 6 L      | 6 M      | 6 F    | 6 S     | 6 S  | 6 M   | 6 F  | 6 M  |
| 7 L   | 7 Þ       | 7 F     | 7 S      | 7 P      | 7 F    | 7 M     | 7 M  | 7 F   | 7 L  | 7 Þ  |
| 8 S   | 8 M       | 8 F     | 8 M      | 8 M      | 8 L    | 8 P     | 8 P  | 8 F   | 8 S  | 8 M  |
| 9 M   | 9 F       | 9 L     | 9 P      | 9 F      | 9 S    | 9 M     | 9 M  | 9 L   | 9 M  | 9 F  |
| 10 Þ  | 10 F      | 10 S    | 10 M     | 10 F     | 10 M   | 10 F    | 10 F | 10 S  | 10 P | 10 F |
| 11 M  | 11 L      | 11 M    | 11 F     | 11 L     | 11 P   | 11 F    | 11 F | 11 M  | 11 M | 11 L |
| 12 F  | 12 S      | 12 Þ    | 12 F     | 12 S     | 12 M   | 12 L    | 12 L | 12 P  | 12 F | 12 S |
| 13 F  | 13 M      | 13 M    | 13 L     | 13 M     | 13 F   | 13 S    | 13 S | 13 M  | 13 F | 13 M |
| 14 L  | 14 Þ      | 14 F    | 14 S     | 14 P     | 14 F   | 14 M    | 14 M | 14 F  | 14 L | 14 P |
| 15 S  | 15 M      | 15 F    | 15 M     | 15 M     | 15 L   | 15 P    | 15 P | 15 F  | 15 S | 15 M |
| 16 M  | 16 F      | 16 L    | 16 P     | 16 F     | 16 S   | 16 M    | 16 M | 16 L  | 16 M | 16 F |
| 17 Þ  | 17 F      | 17 S    | 17 M     | 17 F     | 17 M   | 17 F    | 17 F | 17 S  | 17 P | 17 F |
| 18 M  | 18 L      | 18 M    | 18 F     | 18 L     | 18 P   | 18 F    | 18 F | 18 M  | 18 M | 18 L |
| 19 F  | 19 S      | 19 P    | 19 F     | 19 S     | 19 M   | 19 L    | 19 L | 19 P  | 19 F | 19 S |
| 20 F  | 20 M      | 20 M    | 20 L     | 20 M     | 20 F   | 20 S    | 20 S | 20 M  | 20 F | 20 M |
| 21 L  | 21 Þ      | 21 F    | 21 S     | 21 P     | 21 F   | 21 M    | 21 M | 21 F  | 21 L | 21 P |
| 22 S  | 22 M      | 22 F    | 22 M     | 22 M     | 22 L   | 22 P    | 22 P | 22 F  | 22 S | 22 M |
| 23 M  | 23 F      | 23 L    | 23 P     | 23 F     | 23 S   | 23 M    | 23 M | 23 L  | 23 M | 23 F |
| 24 Þ  | 24 F      | 24 S    | 24 M     | 24 F     | 24 M   | 24 F    | 24 F | 24 S  | 24 P | 24 F |
| 25 M  | 25 L      | 25 M    | 25 F     | 25 L     | 25 P   | 25 F    | 25 F | 25 M  | 25 M | 25 L |
| 26 F  | 26 S      | 26 Þ    | 26 F     | 26 M     | 26 M   | 26 L    | 26 L | 26 P  | 26 F | 26 S |
| 27 F  | 27 M      | 27 M    | 27 L     | 27 M     | 27 F   | 27 S    | 27 S | 27 M  | 27 F | 27 M |
| 28 L  | 28 Þ      | 28 F    | 28 S     | 28 P     | 28 F   | 28 M    | 28 M | 28 F  | 28 L | 28 P |
| 29 S  | 29 M      | 29 F    | 29 M     | 29 M     | 29 L   | 29 P    | 29 P | 29 F  | 29 S | 29 M |
| 30 M  | 30 F      | 30 L    | 30 P     | 30 F     | 30 S   | 30 M    | 30 M | 30 L  | 30 M | 30 F |
| 31 Þ  | 31 S      | 31 S    | 31 M     | 31 F     | 31 M   | 31 P    | 31 F | 31 P  | 31 P | 31 P |

Skólaárið 2021 - 2022 eru kennsludagar 175 (35 vikur). Kennsluskylda er 20.57 klst/veki (720/35 = 20.57)  
Starfsdagar í ágúst og maí eru 8 samals. Starfsdagar á skólalárnu eru þrír.  
Penna vetrarins eru **AST** & **GLEÐI**  
Tónleikar v. Dags tónlistarskólanna laugard. 5. febrúar 2022 = **Tveir** vinnudagar




## Hljóðfærakynningar í 2. bekk grunnskóla í Árnessýslu 2021-2022

|          |                                    | A                              | B                   | C                         | D                          | E                    |
|----------|------------------------------------|--------------------------------|---------------------|---------------------------|----------------------------|----------------------|
|          |                                    | KLASS. GÍTAR,<br>RYTM. HLJÓÐF. | STROK-<br>HLJÓÐFÆRI | TRÉBLÁSTURS-<br>HLJÓÐFÆRI | MÁLMBLÁSTURS-<br>HLJÓÐFÆRI | PÍANÓ,<br>UPPRIFIJUN |
| <b>1</b> | SEL-Vallaskóli                     | Miðvikudagur                   | Miðvikud.           | Miðvikud.                 | Miðvikud.                  | Miðvikud.            |
|          | 10:30-11:10                        | 5. jan. '22                    | 26. jan. '22        | 16. feb. '22              | 9. mars '22                | 6. apr. '22          |
|          | í T.Á.                             | Vignir Ólafsson                | Guðmundur Kristm.   | Gestur Áskelsson          | Jóhann I. Stefánsson       | Edit Anna Molnár     |
|          |                                    | Stefán I. Þórhallss            | María Weiss         | Helga Sighvatsd.          | Heimir I. Guðm.            | Margrét Stefánsd.    |
|          |                                    | Baldvín Hlynsson               |                     | Birna Bragadóttir         |                            |                      |
| <b>2</b> | Sunnulækjarsk. /Stekkjask.         | Miðvikud.                      | Miðvikud.           | Miðvikud.                 | Miðvikud.                  | Miðvikud.            |
|          | Sunnulækjarsk.                     | 12. jan. '22                   | 2. feb. '22         | 23. feb. '22              | 16. mars '22               | 20. apr. '22         |
|          | 8:10-8:50                          | Vignir Ólafsson                | Guðmundur Kristm.   | Gestur Áskelsson          | Jóhann I. Stefánsson       | Edit Anna Molnár     |
|          | Stekkjask.                         | Stefán I. Þórhallss            | Guðmundur Pálss.    | Kristín J. Dudziak        | Heimir I. Guðm.            | Margrét Stefánsd.    |
